

Jafningjahópar og hópatímar

Jafningjastundir eru tími innan skóladagskrárinnar þar sem félagsleg og tilfinningaleg færni er æfð.

Þessar stundir eru skipulagðar með stærri hópum starfsfólks (10-20) þar sem kennarar eru paraðir og skiptast á að skipuleggja og kynna verkefni og efnivið. Kennslugögnin sem verða til er haldið til haga og gert aðgengilegt öllu starfsfólki. Allir barnahópar fara í gegnum sambærilegar verkefnastundir.

Uppbygging hverrar kennslustundar er eftirfarandi:

- Hópurinn heilsast og því er gefinn gaumur hvort einhvern vantar í hópinn.
- Verkefni tengt yfirstandandi lotu.
- Slökun eða blindraganga (börnin vinna í þörum þar sem annað barnið er með lokuð augun og hitt hefur hendurnar á öxlum þess blinda og stýrir vinalega).

Eitt viðfangsefni jafningjastundanna er að læra félagslega eða tilfinningalega færni sem viðkemur lotustarfi á hverjum tíma sem getur líka verið þjálfað innan bekkjarhópa aðra daga vikunnar. Að kynna öðrum kennurum og börnum í öðrum aldurshópum skapar anda samvinnu og öryggis í skólanum. Yngri börnin sögðu frá því eftir slíkar stundir að þeim þætti þeim síður stafa ógn af eldri börnunum og væru öruggari á sameiginlegum svæðum í skólanum. Á sama tíma og börnin fengu tækifæri til að hitta börn á öðrum aldri var þetta tækifæri til að auka samvinnu kennara samhliða því að börnin kynntust fleira starfsfólki skólans. Sérstakri athygli var beint að hópamyndun nemenda sem skipt var í hópa eftir félagslegri og einstaklingslegri færni en jafnframt eftir skapferli og náms

Söngstundir

Söngfundir eru til þess fallnir að stuðla að samtöðu innan skólans. Söngfundir byrja á að börnin koma sér fyrir í hringjum sem eru hver innan í öðrum á meðan hlýtt er á lifandi tónlist, gítar, píano/og eða trommur. Börn og fullorðnir syngja og spila 3-4 lög og hefja og enda hvern söngfund á sama hátt. Einnig eru söngfundirnir tækifæri fyrir hópa barna að sýna skemmtiatriði, stutt leikrit, söngatriði eða annað. Foreldrar, ömmur og afar eru hvött til að taka þátt í söngfundum.

Vinastundir

Vinastundir eru skipulagðar vikulega og felast í kennslustund þar sem einhverskonar ágreiningsefni eða hversdagsleg uppákoma er gerð að umræðuefni. Þegar upp kemur einhvers konar ágreiningur milli barna skrá fullorðnir niður hverjar aðstæðurnar eru og skrifa stutta sögu eða leikþátt. Þess er ævinlega gætt að hlutaðeigandi séu ekki nefndir og að ekki sé hægt að rekja söguefnið til einstaklinga. Dæmi um þetta má finna hér á finnsku (<http://www.oulu.fi/naistutkimus/projektit/allies/materiaalit.htm>). Viðfangsefni hverrar viku er nokkurskonar samskiptaverkefni sem börnin eru hvött til að æfa þá vikuna.

Galdrahorn

Í skólafestunni er útbúið kósý horn til dæmis með teppi á gólfi og púðum. Í horninu geta einstök börn komið og slakað á í um það bil tíu mínútur. Reynsla okkar af galdrahorninu er mjög jákvæð, að börnin geti dregið sig aðeins í hlé og valið að fá næði til að leika sér ein með því leikefni sem til staðar er í horninu.

Í galdrahornið getur hvert barn líka ákveðið fyrir sig hvaða leikefni það kys að nota. Börnin geta fengið leyfi til að leika sér í horninu hjá kennurum ef barnahópurinn vinnur ekki að skipulögðum verkefnum. Einn kennaranna lýsti þessu svo:

Börnin fögnuðu þessum möguleika strax að geta farið á svæði sem þeim fannst tileinkað þeim sjálfum. Í fyrstu skoðuðu þau svæðið vel, lýstu því svo sem gleðisvæði en síðar fóru þau að taka með sér bækur, leiki og liti til að teikna. Nokkur barnanna sækja í að fara í galdrahornið til að slaka á í næði. Í gegnum það sem fer fram í galdrahorninu fær kennarinn tækifæri til að kynnast börnunum betur, vegna þess hvernig þau laga svæðið að sér og veita með litlum smáatriðum innsýn í líf sitt. Kennarar taka sérstaklega eftir því að börn sem eru eirðarlaus og hafa ríka hreyfipörf sækja í að fá að fara á þetta verndaða svæði. Sum þeirra sem fara í galdrahornið nokkrum sinnum á dag og þegar þau fara aftur að takast á við verkefnin með bekkjarfélögunum eru þau yfirvegaðri og rólegri. Galdrahornið reynist vera svæði þar sem börnin virkilega njóta þess að vera og hefur jákvæð áhrif bæði á barnið sjálft og hópinn. Kennarar hafa lýst yfir ánægju með galdrahornið og finnst þeir þegar greina jákvæð áhrif þess.

Vinasvæði

Á vinasvæði geta tvö börn leikið með einhverjum sem þeim langar til að kynnast betur. Börnin sem hafa æft sig í að vera góðir vinir geta fengið leyfi til að fara á vinasvæðið. Venjulega er það kennarinn sem parar börnin saman og skapar þannig möguleika fyrir börn sem annars sækja ekki í hvors annars félagsskap að kynnast. Í sumum tilvikum velja börnin sér sjálf féлага til að fara með á vinasvæðið.

Jógaæfingar

Krakkajóga var hluti af verkefninu í einum þróunarbekkjanna. Einn kennara lýsti reynslu sinni svo:

Krakkajógað hefur verið ótrúleg lífsreynsla. Í fyrstu voru kennarar svolítið óruggir þar sem tíminn til að undirbúa jóga tímana var takmarkaður. Við ákváðum að byrja því bara með nokkrar æfingar og æfa okkur vel í þeim og því voru jóga stundirnar stuttar í upphafi. Núna eru stundirnar farnar að vera lengri og langoftast gengur mjög vel, börnin eru einbeitt, róleg og yfirveguð. Jógað hefur mjög jákvæð áhrif og virkar eins og nokkurs konar streitulosun. Í skólanum er mikill áhugi fyrir jógakennslu og þegar hefur verið ráðinn við skólann jógakennari sem mun kenna öðrum kennurum að sinna jóga stundum með börnum. Jóga er því komið til að vera í skólanum og á bara eftir að þróast frekar.